

Alþingi
berist fjárlaganefnd
Austurstræti 8-10

101 Reykjavík

Reykjavík 9. desember 2021

Efni: Umsögn um fjárlög 2022, 1. mál.

Staðlaráð Íslands er samstarfsráð þeirra sem hagsmuna hafa að gæta af stöðlum. Nú eiga um 90 fyrirtæki og stofnanir aðild að ráðinu. Þó staðlar séu alla jafna valkvæðir hefur löggjafinn þó kosið að vísa til þeirra og gera þá þannig í raun að afleiddri löggjöf. Má segja að um sé að ræða tvo flokka af stöðlum sem verða hluti af slíkri löggjöf.

Í fyrsta lagi hefur komist á samstarf á milli Evrópusambandsins og evrópsku staðlasamtakanna CEN og CENELEC um staðlagerð til að tryggja samhæfi krafna til ýmissa vara á innri markaði ESB. Staðlaráð Íslands á aðild að báðum samtökum. Það samstarf hefur leitt til þess að í á þriðja tug vörutílskipana er vísað til á fimmta þúsund samhæfðra staðla sem skilgreina m.a. kröfur til framleiðslu, virkni og prófana á vörum sem þarf að uppfylla til að CE merkja megi vörur og markaðssetja á innri markaði ESB. EES samningurinn kveður á um að þessir staðlar og þúsundir annarra séu staðfestir hér á landi og tílskipanir eru innleiddar hér vegna saman samnings. Þannig verða staðlar afleidd löggjöf (e. secondary law) enda er í þeim að finna forskrift um kröfur til ýmssa vara.

Evrópskir þolhönnunarstaðlar eru einnig staðfestir hérlendis sem íslenskir staðlar og skrifaðir við þá íslenskir þjóðarviðaukar til að tryggja að íslensk mannvirki standist jarðskjálfta, vindálag og snjóálag svo eitthvað sé nefnt. Hið sama gera aðrar þjóðir sem aðild eiga að innri markaði ESB. Evrópskir samhæfðir staðlar eru staðfestir sem íslenskir og íslenskir þjóðarviðaukar skrifaðir á vettvangi Byggingarstaðlaráðs með aðkomu tuga sérfræðinga úr atvinnulífinu.

Á hinn bóginn hefur löggjafinn í mörgum tilvikum ákveðið að notast við íslenska staðla, sem verða til í íslensku stöðlunarstarfi og staðfestir hafa verið sem íslenskir staðlar, í löggjöf. Þannig er t.d. vísað til ríflega 200 staðla í Byggingarreglugerð svo dæmi sé tekið. Þegar vísað er til staðla í lögum og reglum verða þeir órjúfanlegur hluti regluverksins, hvort sem kröfur þeirra eru teknar upp fortakslaust eða þeir notaðir til viðmiðunar eða hafðir til hliðsjónar. Með því nýtir löggjafinn sérhæfða þekkingu sérfræðinga í atvinnulífinu í staðli sem til verður með sammæli og þátttöku allra hagaðila, þar sem sagt er til um sérhæfðar og mælanlegar kröfur til að ná árangri og tryggja virkni. Aðferðin er hagkvæm, hún tryggir að nýtt sé besta fánlega þekking á viðfanginu og að sammæli sé um þau viðmið meðal hagaðila. Dæmi um staðla sem falla undir ofangreind skilyrði eru *ÍST 150 – Raf og fjarskiptalagnir fyrir íbúðarhúsnæði*, *ÍST 66 – Varmatap húsa*, *ÍST 67 – Vatnslagnir* og *ÍST 45 – Hljóðvist*. Allt eru þetta staðlar sem vísað er til í Byggingarreglugerð, en voru skrifaðir af íslenskum sérfræðingum á vettvangi Staðlaráðs, vissulega með þátttöku fulltrúa opinberra aðila í einhverjum tilvikum en oftast er ekki er vinna af þessu tagi borin uppi og fjármögnuð af einkaaðilum enda um að ræða valkvæð viðmið sem hagaðilar hafa sammælst um sín á milli en löggjafinn ákveður að nýta sem hluta af kröfum regluverksins. Staðlar hafa þannig orðið afleiddur en órjúfanlegur hluti löggjafar, bæði vegna krafna um vísan til þeirra í gegnum regluverk Evrópusambandsins sem innleitt er hér á landi en einnig vegna sérstakrar ákvörðunar löggjafans um þær tilvísanir.

Staðlaráði og eftir atvikum fagstaðlaráðum sem rekin eru undir hatti þess, er gert, þrátt fyrir mikilvægt hlutverk sitt við að útvega mikilvæg viðmið inn í löggjöf, að fjármagna hvert einstakt stöðlunarverkefni. Almennt séð hafa hagaðilar á hverju sviði fjármagnað stöðlunarverkefni á sínu sviði þar sem þeir sjá hag í sammæltum viðmiðum sem felast í stöðlum.

Þrátt fyrir að virði staðla sem hluti af íslenski löggjöf sé ómetanlegt hefur borið á verulegum skorti á skilningi og þekkingu á mikilvægi þeirra. Hefur sú staðreynd endurspeglast í því að í hálf tannað ár hefur staðið yfir endurskoðun á 58 evrópskum þolhönnunarstöðlum sem staðfestir verða héraendis á næstu fjórum árum. Um það höfum við ekkert val. Samhliða því þarf að fara fram endurskoðun á íslenskum þjóðarviðaukum. Venjan hefur verið sú að um samstarfsverkefni hins opinbera og einkaaðila sé að ræða þar sem hlutaðeigandi ráðuneyti óskar eftir tiltekinni vinnu og greiðir fyrir verkefnastjórn en fyrirtæki í viðkomandi grein leggi til vinnuframlag og sérfræðiþekkingu sinna starfsmanna. Má því segja að aðkoma einkafyrirtækja og eftir atvikum stofnana að einstökum stöðlunarverkefnum margfaldi þá fjármuni sem hið opinbera ver til stöðlunarvinnu. Byggingarstaðlaráð hafði frumkvæði að því á síðasta ári að hefja vinnu við endurskoðun íslensku þjóðarviðaukanna héraendis og hefur skipað tuttugu sérfræðinga í fimm vinnuhópa sem fylgjast með endurskoðun í Evrópu, taka þátt í norrænu samstarfi um samhæfingu krafna á Norðurlöndunum þar sem það á við og undirbúa endurskoðun íslenskra þjóðarviðauka. Tilgangurinn er að tryggja öryggi mannvirkja, heilsu- og neytendavernd og gæði. Á sama tíma var hlutaðeigandi ráðuneyti húsnæðis- og mannvirkjamála gert viðvart og sóst eftir samstarfi um að tryggja að þessi hluti löggjafarinnar yrði til. Þrátt fyrir ítrekuð og endurtekin erindi hefur ráðuneytið ekki séð sér fært að fjármagna verkefnastjórn þessarar vinnu en kostnaður við hana hleypur nú á milljónum. Það athugast að ekki er óskað eftir fjárframlagi til að greiða fyrir vinnu þeirra sérfræðinga sem vinna hina eiginlegu vinnu, eingöngu verkefnastjórn á vettvangi Byggingarstaðlaráðs.

Íslenskir þjóðarviðaukar um þolhönnun mannvirkja verða ekki til úr engu og ef athafnaleysi stjórnvalda heldur áfram með sama hætti og verið hefur, verða staðfestir sem íslenskir, evrópskir þolhönnunarstaðlar sem hafa ekki að geyma neins konar kröfur sem gera þarf til mannvirkja á Íslandi, hvorki hvað varðar jarðskjálftaálag, snjóálag eða annað. Þá hefur um langt árabil einnig skort verulega upp á að uppfylltar séu lögbundar kröfur um birtingu og viðhald á listum yfir íslenska staðla, sem birta skal héraendis skv. ákvæðum laga um öryggi vöru og opinbert markaðseftirlit, og tilheyra rúmlega tuttugu evróputilskipunum og -reglugerðum. Það hefur í för með sér að upplýsingar um mikilvægan hluta löggjafarinnar sem innleiddur er hér á landi, gjarnan í reglugerðarformi með tilvísunaraðferð, eru ekki aðgengilegar þeim sem fylgja þurfa þeim kröfum eða hafa annars konar hagsmuna að gæta hvað þær varðar.

Staðlaráð Íslands leggur mikla áherslu á að stjórnvöld tryggi að fyrir hendi sé skilningur á mikilvægi, eðli og umfangi staðlastarfs til að koma í veg fyrir að aftur myndist sú staða sem nú er uppi og mun Staðlaráð ekki láta sitt eftir liggja við fræðslu og þjálfun, verði þess óskað. Þá er því beint til fjárlaganefndar og hins nýja innviðaráðuneytis, sem nú tekur við málaflokki húsnæðis og mannvirkja að tryggja fjármagn strax til þess að íslenskir þjóðarviðaukar við evrópska þolhönnunarstaðla verði til samhliða því sem hinir síðarnefndu verða gefnir út á næstu árum.

f.h. Staðlaráðs Íslands

*Helga Sigrún Harðardóttir,
framkvæmdastjóri*